



E R I N D I S B R É F

Stýrihópur um mótun velferðarstefnu

Ábyrgðarmaður: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Inngangur:

Velferðarráð samþykkti, á fundi sínum þann 20. september 2019 að móta heildstæða stefnu í velferðarmálum. Velferðarráð hefur mótað stefnu á fjölmögum sviðum á undanfönum árum, s.s. stefnu í málefnum eldri borgara, stefnu í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum, stefnu í málefnum heimilislausra, velferðartæknistefnu o.s.frv. Þá er einnig fjöldi stefna Reykjavíkurborgar sem velferðarsvið vinnur eftir, s.s. þjónustustefna, upplýsingastefna, matarstefna, mannréttindastefna o.s.frv. Heildstæð velferðarstefna hefur hinsvegar ekki verið mótuð hjá Reykjavíkurborg.

Áskoranir í velferðarþjónustu á 21. öldinni eru margar og mikilvægt að þær séu ávarpaðar í heildstæðri velferðarstefnu. Breytingar í samfélaginu og auknar kröfur til þjónustu kalla á sífellda endurskoðun á verklagi hjá stofnunum sviðsins. Sjálfsögð krafa um notendasamráð á öllum stigum kallar á grundvallarbreytingar í samskiptum, viðmóti og samráði við notendur og aðstandendur þeirra. Akall er um breyttar vinnuaðferðir í takt við nýjustu tækni og þekkingu og er það mikilvægur þáttur í allri endurskipulagningu og stefnumótun. Breyttar kröfur til þjónustu kalla á breytt vinnulag og starfsþróun á sviðinu þarf að taka mið af því.

Markmið og hlutverk:

Markmið með stofnun stýrihópsins er að móta heildstæða velferðarstefnu. Stefnumótuninni er ætlað að ná fram heildarmynd af þeim mismunandi málaflokkum sem heyra undir velferðarráð og velferðarsvið, forgangsraða verkefnum og skipuleggja starfsemina þannig að stefna sviðsins, gildi og leiðarljós í þjónustuveitingu verði ávallt í forgrunni og í samræmi við stefnumótun ráðsins. Stefnumótunin mun felast í samhæfingu gildandi stefnumótunar, eins og kostur er, raunhæfri markmiðasetningu og setningu verk- og tímaáætlunar til 5-10 ára. Verklag notendasamráðs verður fest í sessi og skipulag á þjónustu sviðsins endurskoðað með það að leiðarljósi ná heildstæðri sýn á málefni fjölskyldna. Þjónustumiðstöðvar, fjöldi þeirra, kjarnastarfsemi og staðsetning verða tekin til endurskoðunar sem og samspil þeirra við Barnavernd og skrifstofu sviðsins til að tryggja flæði þekkingar og verklags. Þá verður í sama augnamiði unnið áfram að auknu samstarfi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs.

Helstu verkefni:

1. Hafa heildaryfirsýn yfir stefnumótunarferlið.
2. Móta kröfur til velferðarstefnunnar.
3. Greina helstu hagsmunaaðila.
4. Rýna efni og niðurstöður vinnustofa.
5. Samþykka verkáætlun og tímálinu verkefnisins.
6. Móta og kostnaðarmeta aðgerðaáætlun og forgangsraða.
7. Annað sem hópurinn telur skipti máli.

Formaður leiðir hópinn og ákveður nánari tilhögur.

Starfsmaður stýrihópsins sér um utanumhald, boðun funda, ritun fundagerða og önnur praktísk atriði.

Stýrihópurinn getur í samráði við sviðsstjóra falið sérstökum faghópum á velferðarsviði að vinna að ákveðnum verkefnum í tengslum við stefnumótunina, s.s. starfsmönnum í deild gæða og rannsókna og í fjármáladeild.

Stýrihópinn skipa:

Heiða Hilmisdóttir, Samfylkingin, formaður hópsins.

Elín Oddný Sigurðardóttir, Vinstri græn.

Örn Þórðarson, Sjálfstæðisflokkurinn.

Regína Ásvaldsdóttir, velferðarsvið.

Sigþrúður Erla Arnardóttir, þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Súsanna Finnbogadóttir, Pepp Ísland, samtök fólks í fátækta.

Puríður Harpa Sigurðardóttir, Öryrkjabandalag Íslands.

Ellert B. Schram, Félag eldri borgara.

Starfsmaður stýrihópsins:

Dís Sigurgeirs dóttir, velferðarsvið.

Samráð:

Í starfi sínu skal hópurinn hafa hagsmuni notenda að leiðarljósi. Einnig þær stefnur sem Reykjavíkurborg hefur þegar samþykkt, s.s. mannréttindastefnu, þjónustustefnu og upplýsingastefnu. Drög að stefnunni verði send til helstu hagsmunaaðila áður en til endanlegrar samþykktar kemur.

Starfstími:

Stýrihópurinn starfar á tímabilinu janúar – september 2020.

Reykjavík, 23. janúar 2020



Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri